



Skipulags-, byggingar-, og veitunefnd (SBV) Fimmtudaginn, 26. nóvember 2009

Fundur var haldinn í skipulags-, byggingar- og veitunefnd Blönduóbæjar 26. nóvember 2009, kl. 17,00 að Hnjúkabyggð 33, dómsal.

Þórður Pálsson formaður setti fundinn og stjórnaði honum. Heiðrún Bjarkadóttir ritaði fundargerð. Mæting er samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

Dagskrárliður 1

Atli Arason Blöndubbyggð 12 sækir um leyfi fyrir bílskúr á lóðinni Blöndubbyggð 12, ennfremur óskar hann eftir leyfi fyrir breytingum inni samkvæmt nýjum teikningum.

Afgreiðsla: Erindi samþ.

Dagskrárliður 2

Byggingafulltrúi leggur fram nýjan lóðaleigusamning fyrir lóðina Tamningastöð við ræktað land nr. 68. Nýr eigendur Ragnar Bjarnason og Ásmundur Sigurkarlsson óska eftir að fá afnot af landi því sem er við hliðina á landi tamningastöðvarinnar og ekki hefur verið ráðstafað.

Afgreiðsla: Nefndin samþ. lóðarleigusamning og mælir með að Bæjarráð samþ.afnot af því landi sem þeir sækja um.

Dagskrárliður 3

Byggingafulltrúi leggur fram nýjan lóðaleigusamning fyrir lóðina Aðalgata 11.

Afgreiðsla: Nefndin telur að hann sé í samræmi við skipulag og fyrri samþykkt nefndarinnar.

Dagskrárliður 4

Byggingafulltrúi leggur fram til skoðunar mál lóðarinnar Blöndubbyggð 9.

Afgreiðsla: Snyrtihúsið sem staðsett er ólöglega á lóðinni Blöndubbyggð 9, Blönduósi, ber að fjarlægja eigi síðar enn 3. desember 2009.

Dagskrárliður 5

Byggingafulltrúi leggur fram innkomnar umsóknir um byggingalóðir á Blönduósi.

Afgreiðsla: Nefndin leggur til að Kvótamiðlun Elvars Hallgrímssonar verði úthlutað lóðir við Skúlabraut 47,49,51. Ásgeir Blöndal verði úthlutað lóðinni Ennisbraut 5 Úthlutun til Sverris Sverrissonr og Heiðars Kristjánssnar er vísað til bæjarráðs í útdrátt í samræmi við reglur við úthlutun byggingarlóða á Blönduósi, grein 2.0.2. þar sem þeir sækja um sömu lóðir.

Allar þessar tillögur um úthlutanir byggast á því að tilskilin gögn berist.

Dagskrárliður 6

Önnur mál: Götumerkingar á Blönduósi.

Afgreiðsla: Nefndin leggur til að tekið verði fyrir svæðið sem afmarkast af Mýrabraut, Ennisbraut og Holtabraut. Byggingafulltrúa falið að vinna drög að tillögum sem teknar verða fyrir á næsta fundi.



Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:23

Pórður Pálsson (sign)

Gauti Jónsson (sign)

Margrét Einarsdóttir (sign)

Valgarður Hilmarsson (sign)

Andrés Leifsson slökkviliðsstjóri (sign)

Stefán Árnason, byggingarfulltrúi (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)